



Gleðilegt ár og þakkir fyrir það liðna

Gott ár að baki.

Á árinu sem er að líða hafa nítján börn, stúlkur og drengir frá Tékklandi, Kólumbíu, Kína og Indlandi eignast íslenskar fjölskyldur með milligöngu Íslenskrar ættleiðingar. Það er gleðilegt og þessum börnum og fjölskyldum þeirra er óskað innilega til hamingju.

Á nýliðnu ári voru meira en eitt hundrað fjölskyldur á biðlistum hjá félaginu eftir barni erlendis frá og það er ánægjulegt að svo mörgum börnum bíður hér öruggt skjól þar sem þeim gefst tækifæri á að alast upp innan fjölskyldu, við hamingju, ást og skilning.

Íslensk ættleiðing gegnir ekki einungis því göfuga hlutverki að sameina fjölskyldur með því að

hafa milligöngu um ættleiðingar erlendis frá. Félaginu er ætlað að vinna að jöfnum rétti allra burt séð frá uppruna, það á að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna, það skal auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir börn og kjörfjölskyldur og félagið á að standa að fræðslu og aðstoða yfirgefni börn og þau börn sem búa við erfiðar aðstæður í heimalandi sínu.

Börnin sem komu til okkar voru 11 drengir og 8 stúlkur. Eitt barn kom frá Indlandi, tvö frá Kólumbíu, tvö frá Tékklandi en eins og undanfarin ár eru langflest börn ættleidd frá Kína eða fjórtán talsins og er það

athyglisvert í ljósi endurtekinnar umræðu um að Kína hafi lokað fyrir ættleiðingar.

Börnin sem ættleidd voru á árinu eru fædd árin 2007 til 2010. Flest eru fædd árið 2010 eða tíu talsins, sex fæddust árið 2009, tvö árið 2008 og eitt árið 2007. Þetta er í samræmi við það sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Börn sem ættleidd eru til landsins eru að jafnaði fremur ung.

Jafnframt verður að geta þess að á árinu var gerður ættleiðingarsamningur við nýtt ríki, en í febrúar fékk ÍÆ löggildingu til að hafa milligöngu um ættleiðingar frá Tógó. Þar bíða nú fjórar umsóknir eftir afgreiðslu.

Útgáfa forsamþykkis

Ráðherra flytur málaflokkinn

Pörf er á kerfisbreytingu

Í dag gamlársgangur, gengur í gildi ný reglugerð innanríkisráðherra um veitingu leyfa til ættleiðinga. Frá og með 1. janúar 2012 verður sýslumanninum í Reykjavík falið að annast veitingu leyfa til ættleiðinga.

Með reglugerð frá árinu 2006 var sýslumanninum í Búðardal falið að annast leyfi til ættleiðinga en með hinni nýju reglugerð flytjast slíkar leyfisveitingar til sýslumannsembættisins í Reykjavík.

Sýslumaðurinn í Reykjavík tekur við meðferð mála sem kann að vera ólokið 1. janúar 2012 hjá sýslumanninum í Búðardal og lýkur afgreiðslu þeirra. Nýjum umsóknum um ættleiðingar og forsamþykki til ættleiðinga á erlendum börnum skal beint til sýslumannsins í Reykjavík frá og með 1. janúar 2012.

Flutningur málaflokksins milli embættis á sér nokkra forsögu sem greint var frá að hluta í fréttariti ÍÆ 2. ágúst 2011. Þar var meðal annars rakið að 18. mars árið 2010 var Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu sent erindi frá félaginu um sérstaka rannsóknarskyldu sýslumanns sem var svarað hálfu ári síðar með "því mati ráðuneytisins að vinnubrögð sýslumannsembættisins bæru vott um vandaða stjórnsýslu."

Jafnframt var greint frá niðurstöðu í skýrslu Hrefnu Friðriksdóttur sem hún skrifaði í árslok 2010 fyrir ráðuneytið. Taldi Hrefna að koma ætti málaflokknum fyrir hjá sýslumannsembætti þar sem auðvelt yrði að tryggja greiðan aðgang að starfsmönnum til að sinna einstökum verkefnum. Þá taldi skýrsluhöfundur einnig að sjá bæri til þess að umsækjendur eigi eins greiðan aðgang að embættinu og mögulegt er miðað við aðstæður enda mikilvægt að umsækjendur eigi þess kost að hitta úrlausnaraðila áður en ákvörðun í málum þeirra er tekin.

Í fréttariti okkar í ágúst greindum við frá því að umsækjendur hefðu kært til ráðuneytis ákvörðun sýslumannsins um að endurnýja ekki forsamþykki þeirra. Hinn 15. júlí féll úrskurður ráðuneytisins umsækjendum í vil. Þann 18. júlí ritaði sýslumaðurinn í Búðardal bréf til ráðherra og óskaði eftir að málaflokkurinn verði fluttur frá embættinu.

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar hefur fjallað um væntanlegan flutning málaflokksins milli sýslumannsembættis og hefur áhyggjur af því að hér er ekki um kerfisbreytingu að ræða heldur tilfærslu á verkefnum milli landshluta.

Ekki er við því að búast að starfshættir sem báru vott um vandaða stjórnsýslu í Búðardal verði með öðru sniði hjá sýslumanni í Reykjavík enda engar nýjar reglur um verkefnið.

Sýslumannsembættin eru í eðli sínu gamaldags yfirvald þar sem engin sérþekking er til staðar á málefnum barna og fjölskyldna og fjármagn sem fylgir verkefninu er afar lítið.

Í starfshópi um nýja ættleiðingarlöggjöf á vegum Innanríkisráðherra hafa verið ræddar hugmyndir um að koma afgreiðslu sífjamála (t.d. umgengnisrétti) og þar á meðal ættleiðingarmálum fyrir hjá sérstakri stofnun, svokallaðri Fjölskyldustofnun þar sem starfaði þverfaglegur hópur fólks sem hefði breiða þekkingu á málefnum barna og fjölskyldna.

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar tekur undir hugmyndir um Fjölskyldustofnun og telur hana vera bestu úrlausn sem er í sjónmáli. Mikilvægt er að hafa í huga að ættleiðingar snúast um málefni barna og tryggja verður með öllum ráðum að hagsmunir þeirra séu hafðir í fyrirrúmi.

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar telur því að meta verði flutning á veitingu leyfa til ættleiðinga, til sýslumannsins í Reykjavík sem bráðabirgðaráráðstöfun og sem slík sé hún til bóta.

"... Stjórn Íslenskrar ættleiðingar tekur undir hugmyndir um Fjölskyldustofnun og telur hana vera þá bestu úrlausn sem í sjónmáli er..."

"... Sýslumannsembættin eru í eðli sínu gamaldags yfirvald þar sem engin sérþekking er til staðar á málefnum barna..."

"... meta verði flutningur á veitingu leyfa til ættleiðinga, til sýslumannsins í Reykjavík sem bráðabirgðaráráðstöfun..."

...jólunum á eru allir vinir og við syngjum fagnaðarljóð, allir saman nú einn tveir þrír...

